



Dagsetning: 27. desember 2023
Málsnúmer: 2312028/8.0

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Forvarnateymi Fjarðabyggðar fundaði sex sinnum á árinu 2023. Fundirnir voru haldnir í janúar, febrúar, mars, október og desember og fundarstjóri var Eyrún Inga Gunnarsdóttir, forvarnafulltrúi. Fundargerðir ritaði Inga Rún Sigfúsdóttir.

Forvarnateymið skipulagði þrjá fyrirlestra fyrir börn í grunnskóla. Það var haldin vímuefnafræðsla í apríl fyrir 8. – 10. bekk frá fyrirtækinu Heilsulausnum. Hjá Heilsulausnum semja hjúkrunarfræðingar allt efni og sinna allri fræðslu en fræðsluefnið er byggt á gagnreyndum og nýlegum heimildum ásamt reynslu þeirra úr starfi. Einnig var haldinn rafrænn fyrirlestur fyrir foreldra. Í september komu fyrirlesararnir Kári og Andrea og héldu erindið „fokk me fokk you“ fyrir nemendur á mið- og unglingastigi, auk foreldrafræðslu. Fræðslan Fokk me-Fokk you fjallar um sjálfsmynd, samfélagsmiðla og samskipti kynjanna. Hún er ætluð unglingum og ungmennum, foreldrum þeirra og aðstandendum og starfsfólki sem starfar með unglingum. Kári og Andrea eru reynsluboltar þegar kemur að frístundastarfi með unglingum en þau hafa bæði unnið í félagsmiðstöðvum í Reykjavík í mörg ár. Í nóvember komu Bjarni Fritzson og Tinna Baldursdóttir með fræðslu fyrir bæði unglunga og foreldra í grunnskólum Fjarðabyggðar. Bjarni fór inn í alla bekki á unglingastigi á skólatíma og átti spjall við þau um menninguna/stemninguna hjá sér og hvernig þau vilja að hún sé. Hann safnaði svo gögnunum saman og hélt sameiginlegt námskeið fyrir bæði nemendur og foreldra um kvöldið. Þá var farið yfir allt í tengslum við menninguna, hvernig hún gæti orðið og hvað nemendur og foreldrar þurfa að gera til að bæta samskiptin. Tinna Baldursdóttir hélt fyrirlestur fyrir kennara á unglingastigi um bekkjarstjórnun í krefjandi skólastofu.

Kostnaður vegna verkefna forvarnateymisins árið 2023 var 1.388.252,- kr.

Markmið forvarnateymis Fjarðabyggðar árið 2024 er að vinna eftir nýrri forvarnastefnu sem tekur tillit til málefna eldra fólks. Auk þess hefur teymið sett sér það markmið að leita að



fyrirlesurum og fræðurum innan sveitarfélagsins og með því spara pening í flug- og fargjaldakostnað.

Eyrún Inga Gunnarsdóttir

Deildarstjóri tómstunda og forvarnamála

